

Starfsáætlun 2. og 3. bekkjar 2018-2019.



Berglind Bergvinsdóttir

Gréta Björk Halldórsdóttir

Hulda Davíðsdóttir

Kristín Sigurðardóttir

Lilja Porkelsdóttir



Námsumhverfi/skipulag

Hópaskiptingar

38 nemendur hófu nám í öðrum bekk við Naustaskóla haustið 2018, 22 stúlkur og 16 drengir.

41 nemandi hóf nám í þriðja bekk við Naustaskóla haustið 2018, 19 stúlkur og 22 drengir.

Þriðja bekk verður kennt sem einni heild þó honum sé að nafninu til skipt í tvo umsjónarhópa. Aðrar hópaskiptingar sem eru fyrir hendi eru smiðjuhópar þar sem nemendum var skipt í þrjá hópa, blandaða og nokkuð jafna hvað kyn nemenda varðar, sundhópa sem eru fjórir talsins þar sem það sama var haft að leiðarljósi. Allur nemendahópurinn fór á sama tíma í íþróttir, á mánudögum og fimmtudögum.

Öðrum bekk verður kennt sem einni heild þó honum sé skipt í tvo umsjónarhópa. Nemendum í öðrum bekk var skipt í þrjá smiðjuhópa, blandaða og eins jafna og hægt var hvað kyn varðar. Sundhóparnir voru fjórir talsins og sama skipting höfð að leiðarljósi. Allur nemendahópurinn fór í íþróttir á mánu- og fimmtudögum.

Íþróttá-, list- og verkgreinakennarar sjá um kennslu í sundi, íþróttum og smiðjum, sem eru; myndlist, smíðar, textílmennt og tónmennt. Önnur fög kenna umsjónarkennarar 2.-3. bekkjar.

Hópaskiptingar verða með fjölbreyttu sniði í vetur, allt eftir viðfangsefni og hvernig námsaðlögun verður háttað hverju sinni. Kennslufyrirkomulag verður margþætt og fer það einnig eftir viðfangsefni hverju sinni. Nemendur

2.-3. bekkur starfsáætlun 2018-2019

munu vinna í fjölbreyttum hópum og reynt verður að taka tillit til félagstengsla nemenda eins og mögulegt er.

Námsumhverfið verður þannig að börnin hafi sem mesta möguleika á að sýna sjálfstæði í vinnubrögðum og geti á auðveldan hátt nálgast þau hjálpargögn og efni sem þau þarfnast hverju sinni. Lögð verður áhersla á lestrarhvetjandi umhverfi og lítil og stærri vinnusvæði þar sem hægt er að vinna að fjölbreyttum verkefnum.

Námsmarkmið verða kynnt nemendum hverju sinni eins og kostur er og höfð sýnileg inni á svæðum. Verk verða hengd upp í hæð nemenda eins og svæðið leyfir og tilefni gefst til. Áhersla verður á að endurnýja þau verkefni sem eru til sýnis, í takt við þema hverju sinni.

Nemendum í öðrum og þriðja bekk var einnig skipt í samkenntuhópa (2. og 3. bekk blandað) fyrir hringekjur sem áttu sér stað á mánudögum og föstudögum og voru festir niður í stundaskrá beggja hópa. Hugsunin þar var að kenna ætti byrjendalæsisverkefni í tengslum við þemu hverju sinni. Við leyfum okkur þó að halda því lifandi og reyna að miða við þarfir nemenda hverju sinni og vera óhræddar við að breyta út af skipulaginu ef við teljum að annað þjóni hagsmunum nemenda.

Þrír þarfaskiptir hópar voru búnir til í stærðfræði hjá báðum bekkjum. Þeir hópar voru þó ekki fastir og nemendur gátu flakkað á milli hópa eftir þörfum. Hulda stoðkennari sá um einn hópinn.

Viðvera kennara í skólanum verður frá klukkan 08:00 til 16:00 alla virka daga nema föstudaga og þá til 14:30. Kenndir verða 30 tímar á viku, kennsla hefst 08:10 og lýkur klukkan 13:10.

-Stundaskrá 2. bekkjar

2.-3. bekkur starfsáætlun 2018-2019

Nemendur 2. bekkjar hófu alla daga nema mánudaga á heimasvæði í heimakrók. Það er mikilvægt til að stuðla að auknu öryggi. Á mánudögum hófust íþróttir í fyrstu kennslustund og voru einnig á fimmtudögum. Sundið var á þriðjudögum. Söngsalur var á þriðjudögum og var sameiginlegur með þriðja bekk. Smiðjutímar voru á fimmtudögum og föstudögum. Þar sem aldurshreinir hópar voru keyrðir í fyrsta sinn var samkennsla fest inni í stundaskrá, á mánu- og föstudögum.

-Stundaskrá 3. bekkjar

Stundaskrá vikunnar bauð upp á sæmilega samfellu, þá aðallega á þriðju- og miðvikudögum þegar ekkert uppbrot átti sér stað. Þá var einnig jákvætt að nemendur hófu alla daga á heimakrók á sínum heimasvæðum sem skiptir nemendum á þessum aldri miklu máli. Íþróttir voru á mánudögum og fimmtudögum. Sund var á miðvikudögum. Þá var söngsalur í lok dags á þriðjudögum og var sú stund sameiingleg með öðrum bekk. Smiðjutímar voru eftir hádegismat á mánu- og föstudögum. Þar sem aldurshreinir hópar voru keyrðir í fyrsta sinn var samkennsla fest inni í stundaskrá, á mánu- og föstudögum.

Dagskipulag

Hver dagur hófst á því að farið var yfir skipulag dagsins, viku- og mánaðardagur tilgreindur auk þess sem farið var yfir markmið sem unnið var með. Nafnakall fór fram og síðan var sungið í krók. Eftir það var farið af stað í vinnustundir, mismunandi eftir dögum. Nestið var tekið alla daga, 20 mínútur í senn, oftast eftir frímínútur en þó komu dagar sem, skipulagsins vegna, þurfti að taka nesti fyrir frímínútur. Bekkjarfundir voru haldnir reglulega, á móti sundhópum til að ná sem mestri gæðastund fram. Þá fóru einnig fram styttri bekkjarfundir í krókum eftir þörfum.

Kennslufyrirkomulag og kennsluhættir (aðferðir)

Umsjónarkennarar í 100% starfi kenna að meðaltali 26 tíma á viku og í teyminu starfa 4 slíkir. Stoðkennari verður umsjónarkennurum til aðstoðar og ráðgjafar við aðlögun, framsetningu námsefnis og mótun námsumhverfis. Þá mun hann, ásamt umsjónarkennurum, hafa yfirsýn yfir nám, aðstæður og námsgögn nemenda. Einnig njóta umsjónarkennarar aðstoðar tveggja stuðningsfulltrúa. Frímínútur verða 20 mínútur að morgni og hádegismatur ásamt frímínútum spannar 40 mínútur samtals.

Kennsluhættir verða fjölbreyttir, athafnamiðaðir og sveigjanlegir, unnið verður eftir aðferðum Byrjendalæsis þar sem nemendur læra að lesa/auka lestrarfærni út frá merkingarbærum textum. Lögð verður áhersla á talmál, ýmsa textavinnu, samband stafs og hljóðs, reynslu nemenda o.fl. Einnig er mikil áhersla á lesskilning, ritun og orðaforða. Lögð verður áhersla á að nemendur verði virkir þátttakendur í eigin námi og að þeir geti yfirfært viðfangsefnin á daglegt líf. Unnið verður í hringekjum og stöðvum í minni og stærri hópum. Lögð verður áhersla á athafnamiðað nám eins og kostur gefst og sveigjanlega kennsluhætti þar sem nemendur vinna á mismunandi stöðum eftir þörfum á því svæði sem í boði verður hverju sinni. Viðfangsefnin verða af margvíslegum toga, bæði athafnamiðuð og bókleg. Reynt verður eftir bestu getu að beita einstaklingsmiðaðri kennslu þar sem sérstaða einstaklingsins innan nemendahópsins er íhuguð samhliða því að taka mið af því sem nemendur eiga sameiginlegt.

Unnið verður eftir ársáætlun veturinn 2018-2019. Byrjendalæsisáætlanir verða settar beint inn í námsáætlanir fyrir hvert tímabil fyrir sig og verða unnar út frá ársáætlun. Ársáætlunina má sjá aftast í þessu skjali. Ársáætlun gefur foreldrum sýn á hvaða viðfangsefni/þemu/markmið er unnið með

2.-3. bekkur starfsáætlun 2018-2019

hverju sinni. Í föstudagspóstum verða komandi þemu kynnt foreldrum og farið yfir hvaða þætti verður helstu unnið með.

Samstarf við aðra kennara

Reynt verður að hafa töluvert samstarf við verkgreinakennara í stærri þemum til að útbúa verk sem hugsanlega gætu verið til sýnis í foreldraheimsóknum.

Þemu

Þemu verða fléttuð inn í Námsáætlanir okkar. Þau þemu sem við vinnum með í vetur eru eftirfarandi, í tímaröð;

- Samvinnu- og vináttuþema
- Heilbrigði og hollusta
- Trúarbragðþema
- Þjóðsögur, vísur
- Tröllþema
- Fiska- og sjávarþema
- Árshátíðarþema
- Fuglaþema

Nákvæmari tímasetningar á þemu og innlögnum tengdum þeim koma fram í árs- og námsáætlunum 2018-2019.

Vettvangsferðir

Farið verður í nokkrar vettvangsferðir á skólaárinu, verða þær tengdar því þema sem unnið verður með hverju sinni, m.a. er stefnt að eftirfarandi ferðum:

- Nokkrar ferðir í Naustaborgir. Viðfangsefni og markmið verða tengdar þemum hverju sinni.

2.-3. bekkur starfsáætlun 2018-2019

- Útivistardagar kalla í einhverjum tilfellum á vettvangsferðir s.s. ferð í Hlíðarfjall, Kjarnaskóg, Hamra og Naustaborgir.
- Skautafélag Akureyrar býður okkur 4 sinnum í vetur í skautakennslu
- Fyrirtæki, söfn o.s.frv. út í bæ verða jafnvel heimsótt.
- Nærumhverfið okkar verður skoðað vel út frá sjónarmiði grenndarkennslu.

Uppákomur

Uppákomur geta verið ákveðnar með stuttum fyrirvara en þær uppkomur sem ákveðnar eru nú eru m.a.:

- Stefnt er að því að nemendur bjóði foreldrum sínum í heimsókn í skólann þar sem nemendur sýna afrakstur vinnu sinnar, líklega við lok trúarbragðapema.
- Árshátíð skólans verður haldin 22. og 23. mars þar sem 2. og 3. bekkur treður upp.

Jákvæður agi

Jákvæður agi er agastefna Naustaskóla. Verður hann nýttur í allri vinnu með nemendum. Unnið verður eftir sérstakri námsáætlun með jákvæðan aga. Bekkjarfundir verða í hverri viku þar sem nemendur þjálfast í að vinna eftir jákvæðum aga, kynnast verkfærum jákvæðs aga og fá þjálfun í að æfa ýmsa þætti tengda jákvæðum aga.

Áhugasviðsvinna

Reynt verður að vinna út frá áhugasviði barnanna, bæði í hópum og einstaklingslega. Hugmyndin er að byrja smátt og þá með afmörkuð viðfangsefni, sem þó eru líkleg til að vekja áhuga, til að nemendur tileinki sér þau vinnubrögð sem slík vinna kallar á. Með tímanum vonum við að þetta gangi það vel að nemendur geti aflað sér upplýsinga um það sem þeir vilja

dýpka þekkingu sína á. Þetta verður þó tilraun en utan hennar verður reynt að höfða til áhuga nemenda og hafa verkefin bæði fjölbreytt og spennandi.

Námsmat

Fjölbreyttum leiðum er beitt til að meta stöðu nemenda með tilliti til markmiða vetrarins s.s.

- Símati
- Leiðsagnarmati
- Skriflegum og munnlegum könnunum
- Sjálfsmati
- Félagamati
- Læsis könnunum í 2. bekk
- Lesskilningsprófum (Orðrún)
- Hraðlestrarprófum

Námsmati er fléttað saman við námsferli nemenda. Litið er á markmið, kennslu og námsmat sem eina heild. Einnig verður notast við símat og leiðsagnarmat sem fer fram á meðan kennslu stendur og niðurstöður svo nýttar í þeim tilgangi að læra af þeim, þar sem reglulega verður fylgst með vinnu nemenda og hún skráð niður. Skráð verður í markmiðalista á Mentor í lok hvorrar annar hvaða markmiðum börnin hafa náð og/eða jafnóðum eins og kostur er og birt foreldrum. Mikilvægt er að foreldrar fylgist vel með stöðu barna sinna í þeim markmiðum sem metin eru svo þeir fái sem besta mynd af námslegri stöðu og geti stutt við börnin sem best í náminu.

Nemendasamtöl

Stefnt er að því að taka skipulögð nemendasamtöl eins og kostur er, þar sem hver nemandi er spurður persónulega út í líðan hans og upplifun í

skólastarfinu. Reynslan hefur sýnt að þessar umræður eiga sér stað í einhverri mynd nær daglega milli nemenda og kennara.

Foreldrasamstarf

Foreldrasamtöl haustannar verða 30. október. Þá koma foreldrar með börnin sín í samtali við umsjónarkennara þar sem áhersla er lögð á líðan og félagstengsl nemenda. Á vorönn skólaársins þ.e. 29. - 30. janúar eru einnig foreldrasamtöl þar sem farið verður yfir námsframvindu nemenda og gefnar leiðbeiningar um framhaldið.

Foreldrar eru beðnir um að vera duglegir að óska eftir samtölum ef þeim liggur eitthvað á hjarta eða vilja nánari upplýsingar varðandi nám barnsins eða skólastarfið. Einnig hvetjum við foreldra til að koma í heimsókn á skólatíma og fylgjast með námi og líðan barna sinna.

Mikið verður notast við tölvupóstsamskipti milli foreldra og kennara eftir þörfum. Stefnt er að því að halda formlegt foreldraboð í lok ákveðins þema þar sem nemendur sýna afrakstur vinnu sinnar. Foreldrum er boðið á árshátíð skólans, eins og segir hér að framan, til að horfa á sýningu barna sinna.

Föstudagspóstur verður sendur einu sinni í viku til foreldra þar sem farið er yfir hvernig liðin vika gekk og upplýsingar birtar um helstu áhersluþætti vikunnar á eftir. Þar koma þeir þættir fram sem unnið verður með í komandi viku. Einnig verða sendir póstar til foreldra til áminningar um viðburði og uppbrot í skólastarfinu.

Heimalestur

Eina heimanám sem Naustaskóli kallar eftir er heimalestur. Mikilvægt er að nemendur lesi heima að minnsta kosti fimm sinnum í viku. Við hvetjum foreldra til að hafa samband ef spurningar vakna varðandi þennan þátt. Einu

sinni í mánuði fá nemendur kvittanablað fyrir heimalestur sem er síðan tekið og nýr mánuður settur í plastvasann. Lesin skipti í hverju mánuði verða skráð niður. Haft verður samband heim ef þörf þykir á að ýta við foreldrum til að sinna þessum mikilvæga hluta námsins á viðunandi hátt.

Teymisvinnan

Teymið mun halda nemendafundi einu sinni í viku hverri, 30 mínútur í senn. Þar verður farið yfir málefni einstakra nemenda, allt eftir þörfum. Teymi 2. bekkjar og 3. bekkjar funda í sitt hvoru lagi. Trúnaðarfundir og faglegir umræðufundir verða haldnir einu sinni í viku klukkutíma í senn og þar munu teymin funda saman ásamt stjórnanda. Skipulagsfundir verða í viku hverri og lengd þeirra funda verður misjöfn, allt eftir þörfum og verkefnastöðu hverju sinni.

Verkaskipting innan teymisins verður breytileg. Hlutverkin verða nokkur þ.á.m. ritari funda, formaður teymis og ritari upplýsingapósta.

Markmið teymisins er að nemendum líði vel og fái verkefni við hæfi. Það er mikilvægt að meðlimum teymisins líði einnig vel og fái að njóta styrkleika sinna. Innan teymisins er mikilvægt að ríki traust og skilningur og að verkefnaskipting sé jöfn og sanngjörn. Hreinskilni skiptir að sama skapi gríðarlega miklu máli og mikilvægt að nefna ef eitthvað er og að öll spil séu uppi á borðum. Stuðningur skiptir þá einnig miklu máli og að viðurkenna ef okkur vantar aðstoð eða hugmyndir. Fagleg ígrundun og samræða verða reglulega á dagskrá funda í vetur. Í teyminu starfa nokkuð reynslumiklir kennarar sem eru spenntir að fá að spreyta sig saman og ganga inn í skólaárið með bjartsýni og gleði að leiðarljósi.

Ársáætlun haustönn 2018

2. og 3. bekkur

Ársáætlun: 2018-2019 Kennarar: BB, GBH, HD, KS, LP		Bekkur: 2.-3. bekkur			
	Ágúst	Septem ber	Október	Nóvember	Desember
Samffr./Nátt úrufr.	Vínátta og samskipti	Samvinnuþema heilbrigði og hollusta	Trúarbragðapema	frh. Trúarbragðapema/ Námsmatsvikur	Þjóðsagnahefð tengd desember mánuði Krakkakvæði e. Böðvar Guðmunds Jólasveinavísur 10 litlir jólasveinar Skíðaferðin
Íslenska	Dýrin í Hálsaskógi Samskipta-reglur; hlusta, skiptast á, fara eftir fyrirmælum og tjá sig frammi fyrir hóp.	Dýrin í Hálsaskógi Samskipta-reglur; hlusta, skiptast á, fara eftir fyrirmælum og tjá sig frammi fyrir hóp, Skrift – stafadráttur, skriftarátt o.fl. sérnöfn / samnöfn	Trúarbrögðin okkar Stafrófið, lestur og lestrarmerki, efnisgrein, tvöfaldir samhljóðar, skrift, stafadráttur, skriftarátt, andheiti, samheiti	Trúarbrögðin okkar/ Námsmatsvikur Stafrófið, lestur og lestrarmerki, efnisgrein, tvöfaldir samhljóðar, sérnöfn og samnöfn, andheiti/samheiti	Jólabækur GVL – spá fyrir um efni út frá mynd/bóka rkápu og spá fyrir um framhald, rím og vísur P,D,B
Lestur	HEIMALESTUR	Atkvæðapróf – allir HEIMALESTUR	Orðrún 3. bekkur 1. próf tveir hlutar. HEIMALESTUR	Læsi 2. bekkur 1. hefti Atkvæðapróf – allir HEIMALESTUR	HEIMALESTUR
Stærðfræði	2. bekkur Stöðumat Námsáætlun 1 -Kynning á hjálpargögnum -Tölur og talnaskilningur 0-200 3. bekkur	2. bekkur Námsáætlun 1 -Tölur og talnaskilningur 0-200 -Sléttar- og oddatölur -Tugur og eining/peningar -Jafnt og, minna en og meira en	2. bekkur Námsáætlun 1 -Tölur og talnaskilningur 0-200 -Sléttar- og oddatölur -Tugur og eining/peningar -Jafnt og, minna en og meira en 3. bekkur Námsáætlun 2	2. bekkur Námsáætlun 2 -Töflur, gröf og mælingar 3. bekkur	2. bekkur Námsáætlun 3 - Samlagning og frádráttur -Tvöfaldur og helmingur 3. bekkur

2.-3. bekkur starfsáætlun 2018-2019

	Stöðumat Námsáætlun 1 Tölur og talnaskilningur 0-1000	3. bekkur Námsáætlun 1 Tölur og talna -skilningur 0-1000 -hundrað og þúsund - talnamynstur	-Tölur og talnaskilningur: 0-1000 -Samlagning og frádráttur reikniaðgerðirnar að geyma og taka til láns - óþekkt stærð.	Námsáætlun 2 - 3 - 4 -Samlagning og frádráttur reikniaðgerðirnar að geyma og taka til láns, -óþekkt stærð. -Námundun -Peningar	Námsáætlun 4-5 -peningar -Stærðfræði umræða - súlurit og gröf, hnit, og myndrit
Verkgreinar Unnið er í 6 vikna námslotum í smíðjum. Nemendahópar rúlla milli heimilisfræði, smíða, myndmennt og textílmenn yfir veturinn.			Smíðar: Þekki sagir og þjálfist í notkun þeirra, kynnist ýmsum ólíkum viðartegundum og efnum og læri öryggisreglur við verklega vinnu og ábyrga umgengni um smíðastofuna	Myndmennt: kynnist sex litahringjum, vinni með grunnformin, kynnist þrykki og ólíkum áferðum. Þekki einfalda myndbyggingu og vinna í leir.	Textílmenn t: Nemendur kynnast hönnunarferli. Læri að búa til snið, sníða, klippa og sauma saman í höndunum tvö efni með mismunandi gerðum af útsaum. Gunnaðferðir í þrykki og skreytingar í textíl.
Jákvæður agi	Bekkjasátt máli. Við ákváðum. Að mynda hring.	Bekkjasátt máli. Við ákváðum. Að mynda hring. Sjálfsstjórn	Sjálfsstjórn. Rútinur. Að virða fjölbreytileikann. Samskiptafærni.	Samskiptafærni. Samvinna. Hvatning.	Samskiptafærni. Samvinna. Hvatning.
Íþróttir	Göngutúr um nærumhverfi – einfaldur leikur	Útiþróttir, leikir, hlaup og göngutúrar í nærumhverfi skólans. Bandý og spaðaiþróttir	Blak og boltaleikir í formi stöðvahringja og leikja. Bardagaiþróttir og dans.	Danskyrning frá dansskóla. Körfuboltapeima – Körfuboltamiðaðir leikir og stöðvar.	Leikir og samvinna. Tarsanleikur.
Sund 2. bekkur	Aðlögun og upprifjun. Öryggisatriði.	Upprifjun. Skimun á kunnáttu. Grunnfærni - Hopp, hlaup, flot,	Flot, öndun, skriðsundsferur. Leikir og æfingar sem efla samvinnu og samþil skynfæra.	Flot, öndun, rennsli og spyrnur. Bringusundsferur og skólábaksund. Söngleikir.	Flot, öndun, æfingar með gjarðir, hopp. Skólábaksund.

2.-3. bekkur starfsáætlun 2018-2019

		öndun og rennsli. Leikir.			Leikir með áhöld.
Sund 3.bekkur	Stöðvar; skólabak Baksund, bringusund fætur pottur spil	Stöðumat; sjá námsmat Kýló	Þolsund: Flöskuboðsund.Boltaleikur/Handb.	Stöðvar; , lóðréttar gjarðir, bak, skrið hendur. Stórfiskur	Leikja/pottur. Blak – handbolti, frjálst svæði-pottur

2.-3. bekkur starfsáætlun 2018-2019

Ársáætlun 2018-2019 Kennarar: BB, EHE, HD, KS, LP		Bekkur: 2.-3. bekkur			
	Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Maí
Samffr./Náttúrufr.	Ýmsar þjóðsögur og ljóð / álfar og tröll	Sjávarþema / fiskar og sjór	Frh. Sjávarþema / fiskar og sjór Árshátíðarþema	Árshátíðarþema Námsmat	Fuglaþema
Íslenska	Námsmat Myrkfælna trölllið Tröllastrákurinn Vaki (aðrar tröllabækur) GVL – spyr og svarar spurningum úr texta, spáir fyrir um efni út frá mynd/bókarkápu og um framhald sögu, hljóðgreining, -ng / -nk og -fl / -fn	Komdu og skoðuðu hafið Skrift og ritun, einfaldur texti s.s. sögur, vísur, punktur, komma, spurningamerki, upplestur, upprifjun p, d, b,	Byrjendalæsis þemu unnið út frá árshátíðarþema Hugtakakort um þekkt efni, getur flokkað aðalatriði og aukatriði úr texta, GVL	Námsmat Skýjabókin Andheiti og samheiti, sérnöfn og samnöfn, getur nýtt stafrófið við vinnu, þekkir málsgrein (stór stafur og punktur)	Námsmat Upprifjun og námsmat.
Lestur	HEIMALESTUR	Atkvæðapróf Læsi skimunarpróf 2. bekkur HEIMALESTUR	Orðrún - 3. Bekkur 2. próf, tveir hlutar HEIMALESTUR	Lesmál skimunarpróf - 2. bekkur HEIMALESTUR	Atkvæðapróf HEIMALESTUR
Stærðfræði	2. bekkur Námsáætlun 3 - Samlagning og frádráttur -Tvöfaldur og helmingur 3. bekkur Námsáætlun 6 -Margföldun og deiling	2. bekkur Námsáætlun 3 - Samlagning og frádráttur -Tvöfaldur og helmingur 3. bekkur Námsáætlun 6-8 -Margföldun og deiling -Klukkan, skífu- og tölvuúr	2. bekkur Námsáætlun 4 -Klukkan (heill og hálfur tími á skífuklukkan). 3. bekkur Námsáætlun 9-11 -Rúmfræði, ummál og flatarmál -Almenn brot -Prautir, vasareiknir	2. bekkur Námsáætlun 5 -Rúmfræði: Form; tví og þrívíddarform, horn, fletir og brúnir. Stærðfræðihugtök og mynstur í umhverfinu. -Spegln 3. bekkur	2. bekkur Námsáætlun 5 Unnin út fyrstu viku af maí Upprifjun - Námsmat

2.-3. bekkur starfsáætlun 2018-2019

		-Mælingar og vigtun -Speglun		Námsáætlun 11 -Þrautir, vasareiknir	
Íþróttir	Handbolti – kynning frá handboltadeild inni. Stöðvar. Leikir og spil.	Fimleikar – kynning frá fimleikadeildinni. Þrek, stöðvar og fleira. Boltaíþróttir – farið í ýmsar boltagreinar.	Frjálsar íþróttir – sett fram í stöðvum, kynningu á greinum og fleira.	Útiíþróttir – frjálsar íþróttir, útihlaup og fleira.	Útiíþróttir – hjólræiðar og fótbolti.
Sund 2.bekkur	Leikir Munur sundaðferða Þolsund	Flot, öndun, rennsli og spyrnur. Bringusundsfætur og skólabaksund. Söngleikir.	Flot, öndun, skriðsundsfætur. Leikir og æfingar sem efla samvinnu og samþykkingu.	Flot, öndun, æfingar með gjarðir, hopp. Skólabaksund. Leikir með áhöld.	Áhætta og þor Hvað hefur sundlaugin upp á að bjóða – útipottar og rennibrautir.
Sund 3.bekkur	Upprifjun á sundtökum Pottur.	Stöðvar; hoppa í gjörð og uppúr annari, lóðréttar gjarðir Bringusund, skriðsund. Elt.leikur m/hr	Stöðvar, þvert yfir laug; mark, Skólabaksundsfætur, Baksundsfótatök Pottur	Stöðvar. Höfrungahopp Bringusund Skriðsund pottur	Leikjatiði Slönguspil Stórfiskur, strútur, frjálst með dót.

Birt með fyrirvara um breytingar.